# Söngtextar og vísur

## Efnisyfirlit

Þema – Haustlög og lag um víkinga.................. 2

Klukkurím .................................................. 2

Dagarnir .................................................... 2

Karl gekk út um morguntíma ....................... 2

Meistari Jakob ........................................... 2

# Þema – Haustlög og lag um víkinga

## Klukkurím

Klukkan eitt
eta feitt.
Klukkan tvö
baula bö.
Klukkan þrjú
mjólka kú.
Klukkan fjögur
kveða bögur.
Klukkan fimm
segja bimm.
Klukkan sex
borða kex.
Klukkan sjö
segja Ö.
Klukkan átta
fara að hátta.
Klukkan níu
veiða kríu.
Klukkan tíu
kyssa píu.
Klukkan ellefu
fleyta kellingu.
Klukkan tólf
ganga um gólf

## Dagarnir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur og fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur
og þá er vikan búin.

Janúar, febrúar,
mars, apríl, maí, júní júlí, ágúst,
september, október,
nóvember og desember

## Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma,
taldi alla sauði sína.
Einn og tveir og þrír og fjórir
og allir voru þeir.

Með höndunum gerum við,
klapp, klapp,klapp
með fótunum gerum við,
stapp, stapp, stapp.
Einn, tveir, þrír og ofurlítið spor,
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

## Meistari Jakob

Meistari Jakob, meistari Jakob
sefur þú, sefut þú?
Hvað slær klukkan, hvað  slær klukkan?
Hún slær þrjú, hún slær þrjú.